

ATHUGASEMDIR VEGNA KASTLJÓSSÞÁTTAR 17. NÓVEMBER 2011

Ekki þarf að koma á óvart að nú þegar styttest í útgáfu fyrstu ákæruskjala í kjölfar bankahrunsins skuli gæta titrings í röðum þeirra sem þar eiga hlut að máli. Því hafði verið spáð. Þannig lítur út fyrir að þegar sé hafin herferð til þess að gera einstaka embættismenn og stofnanir þeirra ótrúverðugar og reyna jafnvel með þeim hætti að ónýta rannsóknir. Mikilvægt er að skoða í því samhengi þann Kastljóssþátt sem sendur var út fimmtudagskvöldið 17. nóvember síðast liðinn, þar sem fjallað var um hæfi undirritaðs til þess að gegna starfi forstjóra FME.

Það er hins vegar athyglisvert að Ríkissjónvarpið skuli láta eftir sviðið til óheftra mannorðsmorða, sérstaklega í ljósi þess að ekkert nýtt var að finna í umræddri umfjöllun. Hæfi undirritaðs hefur þegar verið skoðað ofan í kjölinn og voru engar athugasemdir gerðar við það. Það var aðallega af þeirri ástæðu sem undirritaður sá ekki ástæðu til þess að mæta í þennan Kastljóssþátt enda treysti ég alla jafna hlutlægni og hlutlausri umfjöllun útvarps allra landsmanna. Því var svo sannarlega ekki að heilsa að þessu sinni.

Kjarni umfjöllunarinnar virtist vera að sá efasemdafraejum vegna stjórnarsetu undirritaðs, fyrir u.þ.b. áratug, á vegum Landsbanka Íslands, löngu fyrir einkavæðingu, í tveimur nafngreindum aflandsfélögum. Sannleikurinn er sá að ekkert refsinaemt liggur fyrir, hvorki af hálfu félaganna né vegna stjórnarsetu undirritaðs í þeim. Sigurður G. Guðjónsson lögmaður, sem lét gamminn geisa á sjónvarpsskjánum, fær engu um það breytt. Aflandsfélög sem slík eru og hafa til þessa verið fyllilega lögleg og eru þau talsvert notuð af virtum fjármálastofnunum um allan heim. Það veltur svo á starfsemi og starfsháttum félaganna hvort eitthvað saknæmt á sér stað. Ekkert slíkt liggur fyrir í máli þessu og má því segja að sjálfan „glæpinn“ vanti alveg.

Undirritaður gat þess í andsvari til Andra Árnasonar hrl., undir sérstakri hæfisrannsókn hans, að ég hefði verið óvirkur stjórnarmaður í einum tilteknum gjörningi í þeim skilningi að ég kom ekki að undirbúningi þess máls. Síðar í sömu athugasemd er raunar ítrekuð almenn hlutræn stjórnunarleg ábyrgð undirritaðs á félaginu sem stjórnarmanns, eftir því sem við gæti átt. Athugasemd mín er auðskilin. Hugtakið „óvirkur stjórnarmaður“ var því alls ekki sett fram sem einhver allsherjar refsileysisástæða þótt óvandaðir aðilar hafi kosið að rangfæra þetta atriði og vitna aðeins í lítinn part athugasemdar minnar og slíta hann úr öllu samhengi. Slík vinnubrögð dæma sig sjálf. Sá partur andmæla minna sem um þetta fjallar fylgir í heild sinni. Vitneskja stjórnarmanna, sem og önnur aðkoma þeirra að undirbúningi og ákvarðanatöku, eða svokölluð góð trú, hefur oft þýðingu við mat á refsinaemi andstætt því sem Sigurður G. Guðjónsson fullyrðir. Sannarlega ætla ég ekki í hnútukast við Sigurð G. Guðjónsson lögmann, þótt óneitanlega veki það athygli að velja hann einan sem viðmælanda í þættinum, þar sem fyrir liggur að hann sat í stjórn Glitnis á sínum tíma, en hefur auk þess m.a. tekið að sér að vera lögmaður nafngreinds bankastjóra. Gott er að lögmaðurinn sé sókndjurfur fyrir sig og sína skjólstæðinga en það er hins vegar spurning hvort á að eftirláta honum fleiri réttarsali en þá sem er að finna við dómstóla landsins.

Þó það væri ekki beinlínis sagt berum orðum var það óneitanlega undirtónninn í allri umfjölluninni að óeðlilegt væri, ef ekki skaðlegt, að FME undir stjórn undirritaðs réði örlögum þátttakenda í bankahruninu. Þarna er undirrituðum og stofnun þeirri sem ég stýri gert allt of hátt undir höfði. Hið sanna er að FME fer með frumrannsókn mála að lögum og vísar þeim svo áfram til saksóknara sem tekur ákvörðun um hvort efni sé til ákæru eftir nánari

rannsókn. Undirritaður hefur á því fullan hug að rækja þá rannsóknarskyldu áfram af trúmennsku þó það kunni að valda titringi. Ekki stendur til að slá neitt af í þeim efnunum.

Reykjavík, 18. nóvember 2011

Gunnar Þ. Andersen

6 tl. í heild úr athugasemdum GÞA til Andra Árnasonar, dags. 27/9 2010:

„Undirritaður staðfestir það sem fram kemur í lið 21 að ég hafi ekki fengið greinargerð SGG þar sem viðskiptin voru greind. Rennir það enn frekari stöðum undir það sem haldið hefur verið fram að undirritaður var óvirkur stjórnarmaður í þeim gjörningi sem hér um ræðir að öðru leyti en því að vissulega voru þau gögn sem kröfðust undirritunar stjórnar undirrituð af mér. Það breytir ekki því að um þátttöku mína var ekki að ræða í skipulagningu eða undirbúningi viðskiptanna og því ástæðulaust að gera undirritun mína undir skjöl tortryggilega. Hlutræn almenn stjórnunarleg ábyrgð undirritaðs á félaginu liggur auðvitað fyrir sem stjórnarmanns, eftir því sem við gæti átt, en huglægum skilyrðum er hins vegar ekki fullnægt að því er þetta varðar.“